

Mál nr. 101/2007

M) og

Vátryggingafélagið V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar T

Maður slasaðist við vinnu þegar sófi féll á hann þ. 28.2.2006 .

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 16.5.2007 ásamt umboði til lögmanns.
2. Læknisvottorð dags. 7.7.2006.
3. Bréf V dags. 29.3.2006 og 30.5.2007.

Málsatvik.

Í málskoti segir að M hafi verið við vinnu þegar samstarfsmenn hans hafi verið að vinna með lyftara við að ná sófa úr hillu og hann hefði fallið á M með þeim afleiðingum að hann slasaðist. Lögmaður M telur aðstæður við vinnuna og mistök starfsmanna T hafi valdið slysinu og ekki hafi verið gætt fyllsta öryggis við vinnuna. V hafnar bótaskyldu að öðru leyti en sem varðar slysátryggingu launþega sem er ekki viðfangsefnið hér. V heldur því fram að þeir starfsmenn T sem unnu við flutning á sófanum hafi ekki sýnt af sér saknæma háttsemi eða gáleysi og telur V að um hreint óhappatilvik hafi verið að ræða.

Álit.

Gögn málsins eru mjög takmörkuð og miðað við fyrirliggjandi gögn er ekki sýnt fram á sök starfsmanna T í umrætt sinn. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu T hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu T hjá V.

Reykjavík 12.6. 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.